

Lagt fram a juli 1987
útskrivningsdagar 25/2 1991.

12. ágúst 1987

Til dómsmálaráðherra

Frá Ólafi W. Stefánssyni

Efni: Happdrætti.

*Alþingi
Erindi nr. Bl/13 1724
komudagur 25/2 1991*

Hugtakið happdrætti er ekki skilgreint í lögum. Almennt er hins vegar litið svo á að happdrætti sé starfsemi þar sem hópur þáttakenda tekur gegn gjaldi þátt í hlutkesti um einn eða fleiri vinninga, þ.e. vinningsvon ræðst af tilviljun.

Um happdrættisstarfsemi gilda annars vegar almenn lög og hins vegar gilda sérstök lög um happdrætti nokkurra tiltekinna aðila. Verður hér gerð grein fyrir þessum lögum.

a. Lög um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), nr. 6/1926. Samkvæmt lögum þessum er happdrætti, hverrar tegundar sem er, óheimilt án leyfis dómsmálaráðuneytis, og hlutaveltur án leyfis lögreglustjóra. Peningahappdrætti eða önnur því lík happspil má eigi setja á stofn án lagahéimildar. Þá er bannað að versla hér með eða selja hluti fyrir erlend happdrætti.

Um almenn happdrætti eru ekki nánari settar reglur, en í framkvæmd hefur verið við það miðað að vinningar í happdrætti nemi sjötta hluta af nafnverði útgefínna miða. Á síðasta ári gaf ráðuneytið út 119 happdrættisleyfi, stór og smá. Miðað er við það að þeir aðilar sem leyfi fá fyrir happdrætti séu einkum félög er starfi á sviði liðnar-, mannúðar- eða menningarmála. Einnig hafa kirkjufélög, stjórnsmálafélög, íþróttafélög og skólagfélög (nemendafélög) fengið leyfi.

b. Lög um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973. Dómsmálaráðherra er heimilt að veita háskólanum einkaleyfi til rekstrar happdrættis með þar greindum skilyrðum. Er um að ræða flokkahappdrætti með peningavinningum. Vinningshlutfall er 70% af iðgjöldum ársins. Einkaleyfið gildir til (má veita til) 1. janúar 2004, sbr. lög nr. 23/1986. Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum háskólans og heimilt er að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginga, til fegrunar á háskólalóðinni, til að koma á fót og efla rannsóknarstofur og til rannsóknar- og kennslutækja. 20% af ágóðanum renna í ríkissjóð. Meðan happdrættið starfar er bannað að setja á stofn annað peningahappdrætti eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta. Ráðherra er þó veitt takmörkuð heimild til undanþágu frá þessu. Lagaákvæði þetta hefur ekki verið talið standa í vegi fyrir því að heimilið væri með lögum veðmálastarfsemi í sambandi við kappróður og kappreiðar eða íþróttar- eða talna/bókstafagetraunir, sem

flokka verður sem peningahappdrætti.

Með lögum nr. 23/1986 var ráðherra heimilað að veita háskólanum einkaleyfi til rekstrar skyndihappdrættis með peningavinningum, svo og peningahappdrættis sem ekki yrði rekið sem flokkahappdrætti. Hefur háskólahappdrættinu verið heimilað að reka skyndihappdrætti, svokallaða happabrennu, með 50% vinningshlutfalli.

c. Lög um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, nr. 23/1945. Leyfi má veita hestamanna-félögum og sjómannadagsráðum. Af hagnaði hestamannafélaga skulu 10% renna til reiðvega og 75% af hagnaði af kappróðri skal renna til sjóminjasafna. Þessi starfsemi hefur nánast legið niðri um langa hríð. Í reglum var yfirleitt ákvæði um að 80% af innkomnu fé fær til vinninga (peningavinningar).

d. Lög um getraunir, nr. 59/1972. Ríkisstjórninni var heimilað að stofna félag, Íslenskar getraunir, sem afli fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir í félögum innan UMFÍ og ÍSÍ. Í getraunum eru merkt úrslit kappleikja (íþróttagetraunir) eða skráð niðurröðun ákveðins fjölda talna (talnagetraunir). Helmingi af heildarsöluverði miða skal verja til vinninga. Öðrum en Íslenskum getraunum er óheimilt að starfrækja getraunir sem lögin taka til, og óheimilt er án lagahemildar að starfrækja veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni. Reglugerð fyrir Íslenskar getraunir tekur eingöngu til knattspyrnukeppni. Ágóði skiptist þannig að íþróttasjóður fær 10%, UMFÍ 20% og ÍSÍ 70%.

e. Lög um talnagetraunir, nr. 26/1986. Dómsmálaráðherra er heimilt að veita ÍSÍ, UMFÍ og ÖBÍ, eða félagi þessara aðila, leyfi til að starfrækja getraunir þar sem skráð er eða valin röð talna og eða bókstafa. Heimildin gildir til ársloka 2005. Óheimilt er öðrum að starfrækja slikar getraunir, og fellur heimild Íslenskra getrauna til talnagetrauna niður meðan heimild samkvæmt lögum þessum er í gildi. Heimild fyrir talnagetraun hefur verið veitt til ársloka 1995. Vinningshlutfall er í reglugerð ákveðið 40% af innkomnu. Ágóða skal varið til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í félögum innan ÍSÍ (46,67%) og UMFÍ (13,33%) og til að greiða stofnkostnað við íbúðarrúsnæði fyrir öryrkja á vegum ÖBÍ (40%) eða til að standa undir annarri starfsemi bandalagsins í þágu öryrkja.

f. Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, nr. 18/1959. SÍBS er heimilt að reka vöruhappdrætti (flokkahappdrætti), og gildir heimildin til ársloka 1989, sbr. lög nr. 78/1978. Vinningar skulu vera a.m.k. 50% af samanlögdum iðgjöldum ársins. Í reglugerð er ákvæði um 60% vinningshlutfall. Ágóða skal varið til stofnkostnaðar að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi SÍBS.

g. Lög um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16/1973. DAS (þ.e. stjórn Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði) er heimilt að stofna happdrætti um bifreiðir, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga. Heimildin gildir til ársloka 1997, sbr. lög nr. 24/1987. Ágóði rennur nú, sbr. lög nr. 24/1987, til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna, en stjórn þeirra er heimilt að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra. Áður hafði ágóði runnið í byggingarsjóð aldraðra, sem lagður hefur verið niður, þó svo að DAS hélt 60% hans. Vinningshlutfall er ákveðið í reglugerð, 60% af samanlöögum iðgjöldum ársins.

h. Lög um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþróttasamböndum ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis, nr. 15/1952. Ráðherra er heimilt að leyfa samböndum þessum að reka á sínu svæði töluspjaldahappdrætti (bingó-happdrætti) í sambandi við skemmtanir sem þau eða sambandsfélög þeirra halda. Reglur sem settar voru um þessa tegund happdrætta komu aldrei til framkvæmda, þar sem þær þóttu of þróngar. Vinningshlutfall var þar 25% af söluverði happdrættisspjalta.

i. Vinningar í happdrættum sem greinir í b og d-g lið eru samkvæmt ákvæði hlutaðeigandi laga undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla. Í 120. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, er fjármálaráðherra heimilað að ákveða að vinningar í tilteknun happdrættum teljist ekki til skattskyldra tekna, enda sé öllum ágóða af happdrættunum varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

j. Í sambandi við happdrætti er rétt að hafa í huga ákvæði 33. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978, en samkvæmt því er óheimilt í því skyni að örva sölu á vörum eða þjónustu eða öðru því sem í té er látið og þau lög taka til að úthluta vinningum með hlutkesti, í formi verðlaunasamkeppni eða á annan hliðstæðan hátt, þar sem tilvilkjun ræður að öllu leyti eða að hluta hver niðurstaðan verður. Þó er útgefendum blaða og tímarita heimilt að úthluta vinningum með hlutkesti í sambandi við lausn verðlaunasamkeppni.

k. Rétt er að fram komi að um nokkurt árabil var staðið fyrir getraunastarfsemi í sambandi við kosningaúrslit. Var sú starfsemi látin óátalín lengi vel, en síðustu árin hefur verið efast um lögmæti slíkrar starfsemi og aðilum gerð grein fyrir því þegar efni hefur staðið til þess. Vinningar voru peningagreiðslur.

l. Þrátt fyrir ákvæði almennu happdrættislaganna hafa ýmis happdrætti, einkum happdrætti á innanfélagssamkomum, verið látin óátalín. Sama á við um bingóhappdrætti á samkomum.

m. Rauði kross Íslands hefur á annan áratug haft heimild til fjársöfnunar með spilakössum, þar sem vinningar hafa verið allt að tífold sú fjárhæð sem í kassann hefur verið látin (10 krónu mynt). Í bryjun þessa árs var fallist á að RKÍ taki í notkun nýja gerð kassa þar sem vinningar yrðu allt að 30 falt verðgildi spilapenings. Spilakassar RKÍ hafa verið stilltir þannig að vinningshlutfall sé 83-84%. Heimild til þessa hefur ekki beinlinis verið veitt á grundvelli happdrættislagar, en þar er þó takmörkuð undanþáguheimild fyrir peningahappdrætti.

n. Æskilegt væri að kveðið væri nánar á um happdrættistarfssemi í lögum. Má þar nefna hverjir megi fá útgefin happdrættisleyfi. Einnig þyrfti að setja þar almenn ákvæði um happdrættisrekstur eða að hafa ákvæði um heimild til að setja reglur um það efni. Ráðuneytið gæti þó sett sér almennar starfsreglur. Leyfisútgáfu mætti jafnvel flytja til lögreglustjóra, a.m.k. leyfi fyrir staðbundnum happdrættum og happdrættum á samkomum. Mætti þá jafnvel vera ákvæði um að ekki þurfi leyfi fyrir happdrætti á innanfélagssamkomu ef verðmæti fer ekki yfir tiltekna fjárhæð. Þá þyrfti að fylgja því betur eftir að vinningar séu nákvæmt tilgreindir, þannig að ekki sé um peningavinninga að ræða, o.fl. Til þessa þyrfti helst ný ítarlegri lög, þótt setja megi vinnureglur um sum atriði með reglugerð. Enn má nefna viðhorf til dreifingarstarfssemi happdrættismiða með útskrift úr þjóðskrá, viðhorf til óseldra miða sem dreift hefur verið, hvort leyfa eigi að draga vinninga út miðað við selda miða eingöngu, o.fl. Þessi atriði hafa verið til umræðu í ráðuneytinu, en ekki orðið úr úrvinnslu. Þörf nánari reglna er m.a. vegna aukinnar ásóknar í happdrættisleyfi og vegna aukinnar samkeppni, en nokkuð ber á því að leitað sé eftir leyfi með ýmsum sölu-tilbrigðum sem telja verður hæpin.